

Nd. **397. Frumvarp til laga** [186. mál]

um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Tekjur váttryggingarféлага af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til ríkissjóðs og sveitarféлага, en félögin skulu þó gjalda fasteignaskatt og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarféлага.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í II. og III. kafla frv. til laga um tekjustofna sveitarféлага felst, að félög þau, er um ræðir í 1. gr. laga nr. 25/1954, eru skyld til að greiða fasteignaskatta og aðstöðugjöld til sveitarféлага. Þykir heppilegt að breyta lögum nr. 25/1954 til samræmis við þetta. Um vatnskatt, holræsagjöld, gangstéttagjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.